



17. ágúst 2017

Smásöluvísitala Rannsóknaseturs verslunarinnar:

Hættum birtingu á veltuvísitölu dagvöru, fata og raftækja

Rannsóknasetur verslunarinnar hefur hætt birtingu veltuvísitölu dagvöruverslana og nokkurra annarra flokka smásölu. Ástæðan er sú að aðilar með mikla markaðshlutdeild á smásölumarkaði hafa ákveðið að hætta miðlun á upplýsingum á veltutölum sínum. Áfram verður þó haldið birtingu á veltuvísitölu byggingavöru, húsgagna og áfengis.

Smásöluvísitalan hefur verið birt mánaðarlega frá stofnun Rannsóknaseturs verslunarinnar árið 2004. Frumkvæðið að birtingu smásöluvísitölnunnar kom upphaflega frá verslunum í landinu og helsti tilgangurinn hefur allar götur síðan verið að veita verslunum aukið gagnsæi á mánaðarlega þróun í einstökum tegundum verslunar. Þar sem þessar forsendur hafa breyst er birtingunni sjálfhætt.

Rannsóknasetrið leitar nú annarra leiða við öflun skammtímaupplýsinga um veltu verslunar eftir vöruflokkum.


Mánaðarleg veltuvísitala verður áfram birt í eftirtöldum vöruflokkum: Áfengisverslun, húsgögn og byggingavörur. Jafnframt í einstökum undirflokkum þessara vöruflokka, þ.e. veltu séerverslana með rúm og verslunar með skrifstofuhúsgögn ásamt séerverslana sem selja gólfefni.

Tilkynnt verður um birtingu í hverjum mánuði, en ekki með jafn ítarlegri greiningu og hingað til.

Verslun í júlí

Ekki er ljóst hver velta í dagvöruverslun var í júlí síðastliðnum, eins og fram kemur hér að ofan. Hins vegar sýnir verðmæling Hagstofunnar að verð á dagvöru fer ört lækkandi. Þannig var verð á dagvöru í júlí 4,7% lægra en í sama mánuði í fyrra. Meðfylgjandi skýringarmynd sýnir tólf mánaða verðlækkun á dagvöru í hverjum mánuði frá janúar til júlí sl. Þar sést að verðlækkun hefur aukist í hverjum mánuði.

Tólf mánaða breyting á verðlagi dagvöru



Heimild: Hagstofan.

Í júlí urðu miklar sveiflur í veltu þeirra tegunda verslunar sem mælingin nær til.

Velta í sölu áfengis var 10,2% minni í júlí síðastliðnum en í júlí í fyrra. Ástæðan er sú að á síðasta ári var frídagur verslunarmanna 1. ágúst og því fór sala á áfengi fyrir verslunarmannahelgina fram í júlí en á þessu ári var frídagurinn 7. ágúst og því fóru helgarinnkaupin fram í byrjun ágúst í ár. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir verslunarmannahelgaráhrifunum kemur í ljós að áfengissalan í júlí var nánast sú sama og í fyrra.

Mikill vöxtur var í sölu á byggingavörum og húsgögnum í júlí eins og kemur fram í meðfylgjandi töflu.

Athyglisvert er að verð á húsgögnum var 12,4% lægra í júlí síðastliðnum en tólf mánuðum áður. Þar er væntanlega ekki um svokölluð Costco áhrif að ræða heldur aðrir þættir eins og gengisstyrking krónunnar og/eða lækkun innflutningsverðs.

Aðra sögu er að segja af verði á byggingavörum sem lækkaði aðeins um 1,1% á milli ára. Sala á byggingavöru eykst stöðugt og var 11% meiri í júlí en í sama mánuði í fyrra.

júlí 2017	Breytilegt verðlag		Fast verðlag		Árstíðaleiðrétt fast verðlag	
	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári
Áfengi	7,9%	-10,4%	8,1%	-10,2%	-1,6%	0,6%
Húsgögn	10,9%	4,5%	15,7%	19,2%	-2,1%	19,8%
Rúm	23,8%	5,7%	29,2%	20,6%		
Skrifstofuhúsgögn	-19,3%	-11,4%	-15,8%	1,1%		
Byggingavörur	-5,2%	11,0%	-5,3%	12,2%		
Gólfefni	-0,7%	19,2%	-1,0%	20,5%		

Nánari upplýsingar veitir Árni Sverrir Hafsteinsson arni@bifrost.is og í síma 868-4341